

Stjórnarfundur nr. 3

30. september 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th Viðarsdóttir, Brynja Tomer, Arinbjörn Friðriksson, Ragnhildur Gísladóttir og Sóley Halla Möller. Guðmundur A Guðmundsson og Herdís Hallmarsdóttir boðuðu forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritar fundinn.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Afmælishátíðin og sýning í byrjun september gengu vel en skráning endaði í um 700 hundum. Við leigðum gólf á reiðhöllina, sem kom vel út þó það sé vissulega talsverð vinna að leggja það og auka kostnaður. Forsvarsmenn reiðhallarinnar hafa lýst yfir vilja að gera langtíma leigusamning við okkur.

Skráning á nóvembersýninguna fer vel af stað og eins skráning í augnskoðun á sama tíma. Alls koma sex erlendir dómara á þá sýningu og einn augnlæknir.

Framkvæmdastjóri sat fund með framkvæmdastjórum NKU landanna miðvikudaginn 24. september í Danmörku. Þar kom meðal annars fram að fundurinn, sem haldin var vikunni áður, með starfsmönnum á skrifstofum NKU félaganna hafi verið virkilega góður. Margar flottar hugmyndir komu fram á fundinum og var lokað facebook-grúbbu stofnuð til að halda áfram hugmyndavinnunni sem byrjað var á. Það var ákveðið að endurtaka þetta að ári og þá að ósk minni að samvinna þetta við framkvæmdastjóra- og NKU fundi svo HRFÍ geti nýtt ferðina betur. Samþykkt var að annað hvert ár yrði hafður starfsmannafundur. Á fundinum var farið m.a. yfir sameiginlega lista, sem framkvæmdastjórar halda utan um. Ákveðið var að búa til lokað svæði á netinu, sem aðeins framkvæmdastjórar NKU landanna hafa aðgang að til að halda betur utan um þetta. Eins ætla framkvæmdastjórar allra NKU landa að taka saman lista yfir innflutta hunda 2012 og 2013 frá vissum löndum m.a. austur evrópu. Þetta er gert til að skoða hvort slík samantekt sýni óvenjulega mikinn innflutning á vissum tegundum frá sömu ræktendum, en hvolpaframleiðsla í þessum löndum er visst áhyggjuefni hinna klúbbanna. Eins voru nokkur mál sem var farið yfir vegna NKU fundarins daginn eftir og tók framkvæmdastjóri sænska klúbbsins það að sér að kynna svör framkvæmdastjóranna á NKU fundinum.

Ég átti fund með Markku Mahönen framkvæmdastjóra FKK um möguleika HRFÍ að fá að samnýta með þeim tölvukerfið. Markku tók mjög vel í þessa bón okkar en eðilega eru nokkrir hlutir sem þarf að skoða áður en lengra er haldið. Þýðing á kerfinu á ekki að vera svo flókin en hinsvegar ef ræktunarreglur landanna eru mjög ólíkar gæti orðið of mikill kostnaður fyrir okkur að láta aðlaga kerfið að okkar reglum, en þessi mál eru öll í skoðun og trúlega þarf ég að fara til Finnlands til að ræða þetta betur við þá sem og að skoða kerfið betur.

Við höfum sótt um leyfi fyrir Laugarvegsgöngu laugardaginn 18. október nk. Svar hefur ekki borist frá Reykjavíkurborg.

Á fundi sýningastjórnar fyrir nokkru var ákveðið að bæta við einni sýningahelgi á næsta ári þann 25.-26. júlí og vera þá aftur með tvöfalda útsýningu; Reykjavík winner á laugardegi og alþjóðlega sýningu á sunnudegi. Það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir félagið sem og félagsmenn virðast mjög ánægðir með þessa tilbreytni. Á sama fundi var ákveðið að fyrri sumarsýning félagsins yrði ekki í Reykjavík, heldur yrði reynt að fara með hana t.d. austur fyrir fjall, í Húsafell eða eitthvað aðeins út fyrir borgarmörkin ef rétta svæðið finnst. Með því bjóðum við uppá fjölbreytileika og komum til móts við einhverja félagsmenn úti á landi.

Stjórn er ánægð með hversu vel Finnarnir tóku í beiðni okkar. Ákveðið var að senda finnsku ræktunarreglurnar (á sænsku) til ræktunar- og staðlanefndar til samlesturs við þær íslensku.

2. Áskoranir til stjórnar HRFÍ vegna eins dagskrárliðar á afmælishátíðinni Fylgi.skj.

3. Fastanefndir HRFÍ

Stjórn skipaði á fyrsta stjórnarfundum í fastanefndir félagsins og sendi nefndum beiðni um að þær kæmu saman sem fyrst til að kjósa formann og ritara. Fjórar fastanefndir hafa fundað og sent upplýsingar um kjör formanns og ritara.

Ræktunar- og staðlanefnd:

Klara Á. Símonardóttir formaður og Brynja Tomer ritari

Skólanefnd:

Valgerður Júlíusdóttir formaður og Sigríður Bílddal ritari

Sýningadómaranefnd:

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður og Fríður Esther Pétursdóttir ritari.

Vísindanefnd:

Helga Finnsdóttir formaður og Guðmundur A. Guðmundsson ritari

Ekki hefur borist svar frá sýninganefnd (sýningastjórn/framkvæmdanefnd), ritnefnd og laganefnd.

4. Stefnumörkun HRFÍ – skipun í vinnuhópa/nefndir

Frestað til næsta fundar.

5. Bréf frá íslenskum fuglahundadómurum í dómarráði – tölvupóstur 13.08.

Frestað til næsta fundar.

6. Svar vísindanefndar HRFÍ við erindi mjóhundadeildar – tölvupóstur 18.08. Fskj.

Vísindanefnd hefur ekkert að athuga við beiðni Mjóhundadeildar um lækkun á ræktunaráldri hjá Wippet úr 24 mánuðum í 20 mánuði.

Samþykkt.

7. Svar vísindanefndar HRFÍ við erindi retrieverdeildar – tölvupóstur 18.08. Fskj.

Vísindanefnd hefur ekkert við beiðni retrieverdeildar að athuga varðandi beiðni um breytingar vegna DNA prófa fyrir PRA hjá golden retriever.

8. Svar vísindanefndar HRFÍ við erindi skrifstofu varðandi Yorkshire terrierdeildar – tölvup. 26.08. FSKJ.

Starfsfólk skrifstofu HRFÍ sendi erindi til stjórnar um þörf á að setja augnskoðunarkröfu á Yorkshire terrier við ættbókarskráingu. Stjórn leitaði álits vísindanefndar, sem telur þörf á að setja augnskoðunarkröfu á tegundina. Stjórn styður framkomna tilögu vísindanefndar og krafa um augnskoðun mun taka gildi 1. janúar 2015. Stjórn HRFÍ hvetur stjórn yorkshire terrierdeildar til að kynna þessa ákvörðun vel fyrir félagsmönnum sínum svo sem flestir geti nýtt sér augnskoðun félagsins í nóvember nk.

9. Erindi frá Jórinni Sörensen – tölvupóstur 27. ágúst fskj.

Erindinu vísað til nefndar/hóps, sem fyrirhugað er að stofna á næstunni og kemur til með að vinna eftir stefnumörkun félagsins.

10. Erindi frá Önnu Maríu Gunnarsdóttur – tölvupóstur 18. september

Svar Theodóru Róbertsdóttur fyrir hönd Unglingadeildar - tölvupóstur 19. september.

Í bráðabana í keppni ungra sýnenda um fjórða sætið á síðustu sýningu voru gerð mistök. Dómarinn var ekki upplýstur fyrirfram um það hvernig keppnin átti að fara fram. Skiptihundar voru tilbúnir utan dómhrings fyrir stúlkurnar en áður en til þess kom að skipta um hunda setti dómarinn keppendur í sæti. Stjórn þykir þessi mistök miður sem því miður er ekki hægt að taka aftur. Framvegis verður reynt eftir fremsta megni að svona mistök verði ekki gerð.

11. Erindi frá Sólheimakotsnefnd – tölvupóstur 24. september

Nefndin fer fram á að virðisaukaskattur vegna efnis og vinnu við viðhald og uppbyggingu í Sólheimakoti komi ekki til frádráttar/lækkunar á söfnunarfé. Þetta er mögulegt með því að reikningar eru gefnir út á kennitölu HRFÍ. Reikningar eru greiddir af gjaldkera HRFÍ af bankareikningi HRFÍ. Áður en til greiðslu reiknings kemur þarf fjárhaldsmaður söfnunarfjár Sólheimakotsnefndar að greiða reikningsupphæðina án virðisaukaskatts á bankareikning HRFÍ.

12. Erindi frá retrieverdeild – tölvupóstur 24. september

Stjórn staðfestir beiðni deildarinnar um dómaraéttindi Kjartans Lorange og samþykkir veiðipróf í bfl á haustdögum fyrir Kjartan að dæma með fyrirvara að prófið stangist ekki á annan viðburð hjá félaginu.

13. NKU/AU/VK fundur 24. – 25. september

Stjórn samþykkti ferðakostnað í tölvusamskiptum.

14. Þátttaka HRFÍ á sameiginglegum kynningarbás NKU á NW í Noregi í nóv. 2014

Ferðakostnaður vegna ferðar framkvæmdarstjóra var samþykktur í tölvupóstum milli stjórnarmanna þar sem í boði var lágt flugfargjald. Brynja bókar að hún sé á móti því að fjármunum sé eytt í kynningarbás erlendis að þessu sinni. Formaður ítrekar að henni finnst nauðsynlegt að við séum sýnilegur hluti NKU og árétta á NW sýningar komi fjöldi dómara, ræktenda og gesta. Þegar við eru sýnileg á þennan hátt sem hluti af sterkri heild auðveldi það félaginu m.a. að fá góða dómara til landsins og ræktendum að bæði kaupa og selja ræktunarhunda. Formaður hefur ákveðið að fara út sjálf á eigin kostnað til að aðstoða á kynningarbásnum.

15. FCI Europe Section aðalfundur í Brno 27. október 2014

Stjórn samþykkti ferðakostnað framkvæmdastjóra og formanns á þennan fund á tölvupóstum.

16. NKU/VK fundur á Íslandi dagana 3. – 4. nóvember 2014

Í tölvupósti þann 21. ágúst sl. óskar vísindanefnd HRFÍ eftir því að fá að senda tvo fulltrúa á fundinn. „Þegar dagsetningar hafa verið ákveðnar og tilkynntar munum við ákveða og tilkynna skrifstofu hverjir verða fulltrúar Íslands.“

Samþykkt.

17. Óafgreidd mál í vinnslu á borði stjórnar

Frestað til næsta fundar.

18. Önnur mál

Formaðurinn hefur þegið boð um að mæta á 125 ára afmæli SKK í desember á eigin kostnað. Hún óskaði eftir að félagið kaupi gjöf.

Samþykkt

Brynja lagði fram hugmynd um að HRFÍ væri með kynningabás á smáhunda- og stórhundadögum í Garðheimum í stað þess að ferðast væri til útlanda með kynningabás. Formaður upplýsti að í upphafi kynningastarfs í Garðheimum hafi HRFÍ ávallt verið með kynningabás.

Ákveðið er að skoða málið með kynningabás.

Lilja Dóra hefur tilkynnt að hún treysti sér ekki vegna anna í vinnu að sitja lengur í sýningastjórn HRFÍ. Sýningastjórn fundaði um málið og tilnefni Unni Hagalín í hennar stað.

Samþykkt.

Fundi slitið kl.19.00

Næsti fundur áætlaður 15. október kl.17.00